

# Sorphirða í Þingeyjarsveit

## Gjaldskrá 2023

### 1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorpheinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir:	61.971 - kr.
Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun:	34.084 - kr.

Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu og þeirra. Gjald dagar eru átta: 1. feb., 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4m<sup>3</sup> af úrgangi), 11.451 - kr. Eitt klippikort er innifalið í árlegu sorpgjaldi á hverja fasteign í sveitarfélaginu.

### 3. gr.

Á gá mavelli er innheimt eftirfarandi gjald vegna móttöku sorps frá fyrirtækjum og öðrum en klippikorthöfum:

- Áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg. eða 1,5 m<sup>3</sup> skal greiða móttöku- og flutningsgjald 5.380 kr. og í urðunargjald 6.071 kr. eða samtals 11.451 kr.
- Fyrir hvert kíló umfram 100 kg. greiðist samtals í móttöku- og flutningsgjald 54 kr. og 62 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m<sup>3</sup> umfram 1,5 m<sup>3</sup> bætist við 5.380 kr. fyrir móttöku- og flutningsgjald og 6.071 kr. í urðunargjald.
- Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappaubúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, heyrúlluplast, ýmis spilliefni úrelt ökutæki.

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 19.1.2023, sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast gildi við birtingu og kemur til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2023. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr.1675/2021 fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit

*Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 19.01.2023*

Gjaldskráin gildir frá 19. janúar 2023